

**Fimmtugasti og fjórði fundur stjórnar Fræðslusjóðs**  
**10. maí 2016 kl. 15.00-16.20**  
**í Skipholti 50 b, III. hæð**

**Mætt voru:** Guðrún Ragnarsdóttir, formaður, Ársæll Guðmundsson, Garðar Hilmarsson, Guðrún Eyjólfssdóttir, Halldór Grönvold, Jón Fannar Kolbeinsson, Sólveig B. Gunnarsdóttir og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir.

Fjarverandi: Fjóla Jónsdóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. Varamaður gat ekki mætt fyrir Fjólu Jónsdóttur. Varamaður Þorgerðar var ekki boðaður, þar sem málefni fundarins varðaði uppgjör hjá ÆUNNI fræðslusetri, þar sem Katrín Dóra er stjórnarmaður.

**Dagskrá**

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð síðasta fundar samþykkt
2. **Uppgjör ársins 2015 – Náms- og starfsráðgjöf**
  - a. **Niðurstaða funda með fræðsluaðilum**

Formaður fór yfir niðurstöðu fundanna - sjá samantekt í fundargögnum.
  - b. **Svarbréf frá MRN.** Svarbréf hefur borist frá MRN við erindi Fræðslusjóðs vegna uppgjors á náms- og starfsráðgjöf árið 2015. Sjá fundargögn.
  - c. **Forsendur uppgjors ákveðnar**

Fyrir fundinum lá uppgjör miðað við nýjar forsendur. Sjá í fundargögnum lýsingu á forsendum uppgjors og nýtt yfirlitsblað yfir uppgjör miðað við inn komnar upplýsingar, en skuldastaða er tæpar 15,6 milljónir. Samþykkt var að óska skriflegra skýringa á umtalsverðum fjölda viðtala, sem fræðsluaðilar hafa bætt við eftir að óskað var skýringa á misræmi skráninga í gagnagrunn og yfirferð FA yfir uppgjórið. Að öðru leyti var uppgjórið samþykkt af stjórnarmönnum á grundvelli þeirra gagna sem lágu fyrir.

Niðurstaða stjórnar verði tilkynnt skriflega til hvers og eins fræðsluaðila. Svarbréf MRN verði fylgiskjal með bréfum. Lagt er til að þeir fræðsluaðilar sem ættu að skila fjármagni við uppgjör 2015, fái tækifæri til að vinna upp í það fé á árinu 2016, í stað þess að skila fénu. Ekki eru allir fræðsluaðilar fullkomlega sáttir við þessa niðurstöðu og viðbúið að einhverjar athugasemdir muni verða gerðar af þeirra hálfu í kjölfarið. Við uppgjör ársins 2016 verði skuld fræðsluaðila vegna ársins 2015 gerð upp.

Varðandi skráningar í gagnagrunn á yfirstandandi ári eru ekki allar skráningar á fyrsta ársfjórðungi ársins komnar til FA. Lögð hefur verið áhersla á að skráningar verði í samræmi við reglur og að FA fari yfir ársfjórðungslegt uppgjör til að strax verði hægt að gera athugasemdir við skráningar 2016, séu þær ekki réttar.

Handwritten signatures and initials in blue ink: SKS, GER, SBB, JAG, JFC, G.H.

Fram hafa komið athugasemdir um að ráðgjöfin standi ekki undir sér miðað við núverandi verðlag og forsendur. Í lögunum kemur fram að framlag sjóðsins eigi að standa undir kostnaði og því eðlilegt að kalla eftir upplýsingum um raunkostnað. Á fundum með fræðsluaðilum var óskað eftir kostnaðargreiningum.

Eftir stendur spurningin hvernig staðið verður að uppgjöri til framtíðar. Fram kom að standa mætti betur að miðlun upplýsinga og vinnureglna. Þegar er farið að vinna að því að búa til svæði á vef FA þar sem öll samskipti og gögn verði aðgengileg á lokuðu svæði.

Fram kom í umræðum að fastaframlag ríkisins til einstakra fræðsluaðila hefur truflandi áhrif á samskipti Fræðslusjóðs og fræðsluaðila og í því sambandi vaknar spurningin hvort Fræðslusjóður sé í einhverjum tilvikum að standa undir föstum kostnaði við rekstur fræðsluaðila.

Við uppgjör 2016 verði alfarið byggt á skráningum í MySchool. Þá þarf að ítreka að öll viðtöl séu skráð í gagnagrunninn, en ekki eingöngu nægilega mörg til að réttlæta framlag Fræðslusjóðs.

Lærdómurinn af þessu ferli er skýrleiki og formfesta í samskiptum og verklagreglum Fræðslusjóðs.

3. **Ársskýrsla 2015 – athugasemdir.** Óskað er eftir því að athugasemdir skili sér sem fyrst vegna þeirra kafla sem eru tilbúnir.
4. **Næsti fundur tillaga 23. maí kl. 13.15-14.30 og 31. maí kl. 09.30-11.00.**  
Næsti fundur verði boðaður 31. maí kl. 15:00 – 17:30. Á dagskrá verði ársreikningur, ársskýrsla og skilmálar.
5. **Önnur mál.** Ekki voru tekin fyrir önnur mál.

Aneirin Egnarsd.  
Hafalinn Guðmundsson  
Gerdur Halmarsson  
Anna Guðmundsdóttir  
Hannibal K. Sverrisson  
Jón Þorsteinsson  
Sölveg B. Gunnarsdóttir  
Lárus Guðjónsson